

Íslandsmótið í sveitakeppni 2007

Mótsblað nr. 3



Ritstjóri: Ísak Örn Sigurðsson

Karl Sigurhjartarson og Eykt eru Íslandsmeistarar síðustu tveggja ára, 2006 og 2005 og því kemur það ekkert sérstaklega á óvart að þessar tvær sveitir skulu vera í tveimur efstu sveitunum. Sveit Skeljungs, sem um tíma vermdi botnsætið, var á hraðri siglingu uppávið í síðustu umferðum gærdagsins og er nú í 6. sæti, en þó 22 stigum frá því að komast áfram í úrslitakeppni fjögurra efstu sveita á laugardeginum. Eins og er, virðast 4 efstu sveitirnar vera líklegastar til að komast í úrslitakeppninna, en sveitir neðar á listanum eru eflaust ekki tilbúnar að samþykkja það. Keppnin er annars óvenju hörð og aðeins 18 stig skilja fimmta sætið og það tólfta.

Staðan eftir 7. umferð

1 Karl Sigurhjartarson	137
2 Eykt	132
3 Grant Thornton	131
4 Myndform	118
5 Fisk Seafood	101
6 Skeljungur	99
7 Málning	96
8 undirfot.is	96
9 Garðar og vélar	91
10 Herðir	90
11 Sparisjóður Norðlendinga	89
12 Garðsapótek	78



Það hlýtur að vera hættulegt að mæta Guðmundi Páli Arnarssyni þegar hann er svona á svipinn.



Valinn leikur í hverri umferð er sýndur á báðum borðum í sýningarsal með hjálp Bridgebase forritsins.

Úrslit í leikjum gærdagsins

4. umferð		Vstig	Vstig	IMPS	IMPS	
1	Sparisj. Norðlendinga	Málning	16 - 14	31	-	24
2	Karl Sigurhjartarson	Myndform	21 - 9	37	-	11
3	Herðir	Grant Thornton	15 - 15	21	-	20
4	Garðsapótek	Garðar og vélar	3 - 25	4	-	60
5	undirfot.is	Skeljungur	15 - 15	23	-	23
6	Fisk Seafood hf	Eykt	10 - 20	23	-	43

5. umferð		Vstig	Vstig	IMPS	IMPS	
1	Málning	Karl Sigurhjartarson	9 - 21	26	-	50
2	Herðir	Sparisj. Norðlendinga	25 - 5	67	-	21
3	Garðsapótek	Myndform	22 - 17	33	-	43
4	undirfot.is	Grant Thornton	11 - 19	35	-	52
5	Fisk Seafood hf	Garðar og vélar	17 - 12	31	-	23
6	Eykt	Skeljungur	24 - 6	66	-	25

* Breytt skor

* Refsistig

6. umferð		Vstig	Vstig	IMPS	IMPS	
1	Grant Thornton	Málning	12 - 18	31	-	43
2	Myndform	Garðar og vélar	15 - 15	48	-	49
3	Sparisj. Norðlendinga	Skeljungur	10 - 20	23	-	46
4	Karl Sigurhjartarson	Eykt	23 - 7	70	-	38
5	Herðir	Fisk Seafood hf	18 - 12	33	-	19
6	Garðsapótek	undirfot.is	17 - 13	54	-	43

7. umferð		Vstig	Vstig	IMPS	IMPS	
1	Myndform	Málning	19 - 11	61	-	45
2	Sparisj. Norðlendinga	Grant Thornton	9 - 21	20	-	44
3	Karl Sigurhjartarson	Garðar og vélar	14 - 16	23	-	29
4	Herðir	Skeljungur	5 - 25	31	-	73
5	Garðsapótek	Eykt	10 - 20	25	-	48
6	undirfot.is	Fisk Seafood hf	12 - 18	33	-	45



Ætli Frímánn hafi verið að fá topp á Butlerkóngana Hrannar og Svein Rúnar Eiríksson?

Bjarni virkar þreyttulegur á þessari mynd en hann er örugglega ekki sammála þeirri yfirlýsingu ritstjóra.

Leikir dagsins

8. Umferð			11:00 - 13:16
1. Borð	Garðar og vélar	Málning	
2. Borð	Grant Thornton	Skeljungur	
3. Borð	Myndform	Eykt	
4. Borð	Sparisjóður Norðlendinga	Fisk Seafood hf.	
5. Borð	Karl Sigurhjartarson	undirfot.is	
6. Borð	Herðir	Garðsapótek	
9. Umferð			13:45 - 16:01
1. Borð	Málning	undirfot.is	
2. Borð	Fisk Seafood hf.	Garðsapótek	
3. Borð	Eykt	Herðir	
4. Borð	Skeljungur	Karl Sigurhjartarson	
5. Borð	Garðar og vélar	Sparisjóður	
6. Borð	Grant Thornton	Norðlendinga	
10. Umferð			16:30 - 18:46
1. Borð	Málning	Fisk Seafood hf.	
2. Borð	Eykt	undirfot.is	
3. Borð	Skeljungur	Garðsapótek	
4. Borð	Garðar og vélar	Herðir	
5. Borð	Grant Thornton	Karl Sigurhjartarson	
6. Borð	Myndform	Sparisjóður	
11. Umferð			20:00 - 22:16
1. Borð	Málning	Herðir	
2. Borð	Garðsapótek	Karl Sigurhjartarson	
3. Borð	undirfot.is	Sparisjóður	
4. Borð	Fisk Seafood hf.	Norðlendinga	
5. Borð	Eykt	Myndform	
6. Borð	Skeljungur	Grant Thornton	
		Garðar og vélar	

Topp 10 í bötlernum – sjá nánar upp á vegg og á bridge.is!

<u>Röð</u>	<u>Nafn</u>	<u>Skor</u>	<u>Fj.Sp.</u>
1	Hrannar Erlingsson – Sveinn R. Eiríksson	18:96	96
2	Hermann Lárusson – Þróstur Ingimarsson	18:74	80
3	Sigurbjörn Haraldsson – Bjarni H. Einarsson	18:70	80
4	Aðalsteinn Jörgensen – Sverrir Ármannsson	16:55	64
5	Friðjón Þórhallsson – Sigfús Ö. Árnason	15:98	96
6	Guðmundur Snorrason – Þorsteinn Bergsson	15:97	64
7	Jónas P. Erlingsson – Steinar Jónsson	15:47	64
8	Hjálmtyr Baldursson – Baldvin Valdimarsson	15:43	64
9	Jón Baldursson – Þorlákur Jónsson	15:24	80
10	Símon Símonarson – Rúnar Magnússon	15:08	64



Ómar Olgeirsson og Kristján Blöndal náðu naumum 16-14 sigri á sveit Karls Sigurhjartarsonar.

Þarna berjast bræðurnir Jón og Guðmundur Baldurssynir eins og oft áður.



Hann er stórvaxinn eini sunnlendingurinn á myndinni. Þú mátt giska fjórum sinnum hver hann er!

Góumótið

Fyrsta lota Góumótsins var spiluð á Hótel Loftleiðum í gær, skírdag.

Önnur lotan er spiluð í dag kl. 13:00 – 16:30 eða um það bil.

16 pör mættu til leiks í fyrstu lotu og efstu pör urðu:

1. Stefán Arngrímsson – Heiða Steinsson
2. Arnar Geir Hinriksson – Sigrún Pétursdóttir
3. Alda Guðnadóttir – Kristján B.Snorrason

Spilað er um silfur- og gullstig.

Fyrir efstu þrjú sætin í hverri lotu verða veitt 24 silfurstig fyrir fyrsta sæti, 16 fyrir annað sæti og 11 fyrir þriðja sæti.

Í lokin verða veitt gullstig til uppbotar fyrir 4 efstu sætin:

5 gullstig fyrir efsta sætið, 3 gullstig fyrir annað sæti, 2 fyrir það þriðja og eitt fyrir fjórða sætið.

Skráning á staðnum.



Matthías Þorvaldsson er vanur að vanda sig við spilaborðið.



Hvað á ég nú að gera í þessari stöðu? gæti Reynir Helgason verið að hugsa.

6.leikur - Spil 26

Karl Sigurhjartarson - Eykt

Austur gefur ♠ÁD3
Allir á hættu ♥84
♦KG10
♣KDG83

♠G8765
♥ÁD7532
♦-
♣Á6

N		♠K104
V	A	♥K106
	S	♦D
		♣1097542

♠92
♥G9
♦Á98765432
♣-

Hönd suðurs er mikil ófreskja og þegar spilið birtist á sýningartöflu í leik Karls Sigurhjartarsonar og Eyktar, voru áhorfendur nokkuð vissir um fjör í sögnum og úrspili. Í lokuðum sal enduðu Aðalsteinn og Sverrir í fimm tíglum á suðurhöndina. Útspilið var hjartaás og skipt yfir í spaða. Sagnhafi svínaði, austur drap á kóng en þegar hann spilaði ekki aftur hjarta um hæl, var Aðalsteinn ekki lengi að renna heim 11 slögum. Í lokuðum sal var Magnús Eiður sagnhafi í 5 tíglum dobluðum með hjartaás út og spaðasvissi. Hann drap á ásinn, spilaði laufkóng og henti spaða. Þannig missti hann 3 slagi, sem kannski var eins gott fyrir Eykt, því leikurinn fór 23-7 fyrir Karl.

7.leikur - Spil 1

Myndform - Málning

Norður gefur ♠ÁK874
0 á hættu ♥32
♦ÁG5
♣852

♠G10
♥D104
♦9642
♣DG107

N		♠532
V	A	♥KG9765
	S	♦73
		♣K3

♠D96
♥Á8
♦KD108
♣Á964

Vestur	Norður Sigfús	Austur	Suður Friðjón
	1S	Pass	2L
pass	2T	Pass	3T
pass	5L	pass	5S
Pass	6L	pass	6S
P/h			

Þetta spil virkar nauðaómerkilegt við fyrstu sýn, flestir búast við að spilaðir séu 4 spaðar á NS hendurnar með einum yfirslag. Þó voru ein 4 pör sem villtust alla leið í 6 spaða á 12 borðum, sem voru að sjálfsgöngu vonlausir til vinnings. Eitt par var reyndar svo óheppið að stoppa í 3 spöðum og vinna fimm sem alltaf er frekar leiðinlegt.

